

## AUGLÝSING

**um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgarleg not.**

1. gr.

Flugvallarsvæðið, sbr. 2. gr. laga nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, er ekki lengur varnarsvæði. Svæði þetta má því taka í borgaraleg not, þar gilda almenn lög og stjórnvaldsfyrirmæli og yfirstjórn málaflokka er sú sama og annars staðar í landinu, sbr. þó ákvæði 2. gr.

2. gr.

Sérfyrirkomulag á grundvelli laga nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., og laga nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, gildir þó áfram á flugvallarsvæðinu að því er varðar eftirtalda málaflokka og heyra þeir undir utanríkisráðherra uns annað verður ákveðið:

- a) skipulags- og byggingarmál, sbr. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997,
- b) gatnagerð, sbr. lög nr. 153/2006, um gatnagerðargjald,
- c) sorphirða, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- d) veitumálefni, þ. á m. holræsi samkvæmt vatnalögum, nr. 15/1923, vatnsveitur skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004 og raforkumálefni, sbr. einkum lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996 og raforkulög, nr. 65/2003.

3. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, sbr. 10. tl. 14. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, sbr. reglugerð nr. 123/2006, öðlast gildi 1. janúar 2008.

*Forsætisráðuneytinu, 21. desember 2007.*

**Geir H. Haarde.**

\_\_\_\_\_  
*Bolli Þór Bollason.*